


Heimadæmi í efnafræði um hlutfallareikning


Á mr.is, efnafræði, námsvef, 4. bekkur er stuðningsefni við þessi dæmi:

Nafn: _____

1. Við bruna ammóníaks myndast nituroxíð og vatn



Í eftirfarandi töflu er gefið magn af einu efni í hvarfinu annað hvort í mólum eða grömmum. Reiknaðu hversu mikið af öðrum efnum kemur við sögu í hverju tilviki og skráðu í töfluna.



Efnism. $\text{NH}_3(\text{g})$	Massi $\text{NH}_3(\text{g})$	Efnism. $\text{O}_2(\text{g})$	Massi $\text{O}_2(\text{g})$	Efnism. $\text{NO}(\text{g})$	Massi $\text{NO}(\text{g})$	Efnism. $\text{H}_2\text{O}(\text{g})$	Massi $\text{H}_2\text{O}(\text{g})$
mól	g	mól	g	mól	g	mól	g
1,00							
	85,0						
		0,600					
			640				
							756

2. Díbrennisteinsdíkloríð hvarfast við ammóníak og myndar tetraniturtetrasúlfíð, ammóníumkloríð og brennistein samkvæmt efnajöfnunni:



Í ílátinu eru 540 g af díbrennisteinsdíkloríð og 255 g af ammóníaki. Reiknaðu hvaða efni verða eftir í ílátinu og hversu mörg grömm af hverju efni annað hvarfefnið gengur til þurrðar.